



FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFAFA

Reykjavík, 6. maí 2010.

Frumvarp til laga um vinnumálastofnun, þskj.945 – 555. mál.

Umsögn Félags íslenskra sjúkraþjálfara

Félag íslenskra sjúkraþjálfara fagnar þeim meginmarkmiðum sem stefnt er að með sameiningu stofnana.

Meginmarkmið með sameiningu þessara tveggja stofnana er að starfrækja eina öfluga opinbera stofnun sem fjallar um málefni vinnumarkaðarins í víðum skilningi þar sem áhersla verður lögð á sveigjanleika, öflugt stuðningsnet og aðhald.

Þó svo að með frumvarpinu sé ætlunin að sameina Vinnueftirlitið og Vinnumálastofnun telur FÍSP að Vinnueftirlitið eigi jafnvel enn meiri samleið með öðrum stofnunum sem ekki heyra undir Félags og tryggingamálaráðuneytið s.s. Geislavörnum ríkisins og Lýðheilsustöð.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. grein

FÍSP finnst nauðsynlegt að benda á að ef lagafrumvarpið nær fram að ganga verður Vinnueftirlitið ekki sjálfstæð og óháð vinnueftirlitsstofnun eins og alls staðar annars staðar í Evrópu - og kveðið er á um í alþjóðasamþykktum að skuli vera. Hætta er á að vinnumarkaðsleg sjónarmið geti ógnað vinnuverndarsjónarmiðum. Forstjóra í slíkri stofnun er ætlað að gæta fjölbættra hagsmuna sem geta rekist verulega á. Það gæti t.d. birst í því að fyrirtæki í rekstri teldi að fækka þyrfti starfsmönnum til að hafa fjármagn til að bæta vinnuaðstæður sem ógna öryggi og heilbrigði starfsmanna. Það mundi líta illa út vinnumarkaðslega séð og fjölga fólki á atvinnuleysisrá. Þarna geta því hæglega orðið miklir hagsmunaárekstrar sem sama stofnunin/forstjóri þyrfti að takast á við.

Við sameiningu stofnana þarf að tryggja að nægjanlegur mannaflí með sérfræðipækkingu sé til staðar innan stofnunarinnar til að sinna fjölbreyttum verkefnum.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara

Héðinn Jónsson, formaður

Héðinn Jónsson